

Sp.

390. Fyrirspurnir.

[201. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um framkvæmd laga um síldarleit úr lofti.

Frá Ólafi Björnssyni.

Hvert hefur verið verkefni síldarleitarnefndar s.l. áratug, þar sem ekki hefur verið um skipulega síldarleit að ræða úr lofti eða á annan hátt?

Hvenær var nefndin síðast skipuð?

Hverjar hafa verið tekjur og gjöld nefndarinnar á þessum tíma og hverjar eru eignir síldarleitarnefndar nú?

Hverjir eru endurskoðendur nefndarinnar og hvenær fór endurskoðun síðast fram?

Er ekki tími til kominn að leggja nefndina niður og skila eigendum eignum, ef einhverjar eru?

II. Til samgönguráðherra um niðurfellingu afnotagjalds af síma fyrir ellilífeyrisþega.

Frá Ólafi Björnssyni.

1. Hver er skýringin á því, að fjölmiðlar eru látnir telja fólki trú um að allir ellilífeyrisþegar eigi að fá eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma, þegar ráðherra hefur með reglugerð sjálfur stórlega takmarkað fjölda þessa fólks?
2. Eftir setningu umræddrar reglugerðar 7. desember 1978 óskar ráðherra eða póst- og símamálastjórnin eftir lista frá Tryggingastofnun ríkisins yfir elli- og örorkulífeyrisþega, er njóti óskertrar uppbótar á elli- eða örorkulífeyri, og hefur að sjálfsögðu fengið hann. Póst- og símamálastofnunin notar síðan nafn Tryggingastofnunar ríkisins til afsökunar fyrir synjunum á slíkri eftirgjöf. — Hvers vegna er þessi háttur hafður á?
3. Leggur þessi deild póst- og símamálaráðuneytisins það að jöfnu til útilokunar frá eftirgjöf á fastagjaldi síma, hvort elli- og örorkulífeyrisþegar eru e. t. v. í fjárhagslega vanmegnugasta lífeyrissjóði eða þeim elsta og sterkasta?